



## Aðalfundur Golfklúbbs Selfoss fyrir árið 2021.

### Haldinn að Svarfhóli fimmtudaginn 9. desember 2021

1. Fundur settur kl 19:30 af formanni klúbbsins Páli Sveinssyni.
2. Fundarstjóri kosinn Grímur Arnarson.
3. Fundarritari kosinn Helena Guðmundsdóttir.
4. Skýrsla stjórnar kynnt af formanni GOS, Páli Sveinssyni. Stjórn klúbbsins var kosin 25. febrúar 2021 í stað desember 2020 en honum var frestað vegna heimsfaraldurs. Árið hófst með hátíðarhöldum í tilefni 50 ára afmælis klúbbsins. Hátíðarhöld voru sett á ís vegna samkomutakmarkana. Félagsstarf var gott og inniaðstað nýtt vel af meðlimum klúbbsins þegar ekki þurfti að vera lokað vegna samkomutakmarkana. Samstarfssamningur við Sveitafélagið Árborg um fjármögnun á stækkun vallarins var undirritaður í apríl. Miklar framkvæmdir á nýju svæði GOS og gekk svo vel að opnað var fyrir meðlimi á 3 nýjar brautir í lok sumars. Bráðbirgða æfingarsvæði var sett upp og þakkar formaður meðlimum fyrir þolinmæði á meðan á framkvæmdum hefur staðið. Glæsilegur árangur Heiðrúnar og Arons Emils sem og karlasveitar GOS í sumar. Metfjöldi meðlima klúbbsins í ár en þeir voru skráðir 505 í ár. Framtíðin er björt og næg verkefni framundan. Þriðji golfhermirinn opnaður núna í desember og er nýting þeirra góð. Stefnt er á að nýtt æfingarsvæði verði opnað í byrjun sumars 2022 og með vorinu er stefnan sett á að reisa nýtt æfingaskýli og ljóst er að stjórn klúbbsins mun óska eftir vinnuframlagi klúbbmeðlima við þá uppbyggingu. Páll taldi upp öll þau stóru skref sem hafa verið tekin síðustu ár, aukningu klúbbmeðlima, stækkun og breytingu vallarins, efnilegir unglingar og góður árangur GOSara í mótum hér heima og erlendis. Stoltur yfir því hve allt starf og samstaða er góð hjá meðlimum klúbbsins og þakkar þeim öllum fyrir metnað og skemmtilegar samverustundir á árinu.
5. Hlynur Geir Hjartarson framkvæmdastjóri lagði fram ársreikning golfklúbbsins og fór yfir skýringar og sundurliðanir hans.
  - Rekstrartekjur urðu kr 92.414.028,-
  - Rekstrargjöld urðu kr. 76.231.726,-
  - Fjármagnstekjur/gjöld urðu kr. -2.382.514,-
  - Hagnaður fyrir afskriftir varð kr. 16.182.302,-
  - Hagnaður ársins eftir afskriftir og fjármagnsliði varð kr. 5.600.809,-
  - Eignir eru kr. 98.335.911,-
  - Langtímaskuldir eru kr. 56.400.000,-
  - Skammtímaskuldir eru kr. 13.574.379,-
  - Eigið fé er kr. 28.361.532,-
  - Eigið fé og skuldir kr. 98.335.911,-
6. Umræður um skýrslu og reikninga stjórnar.
  - Allir ánægðir með skýrslu stjórnar.
  - Engar athugasemdir við reikninga.
  - Skýrsla stjórnar og endurskoðaðir reikningar voru samþykktir samhljóða.
7. Skýrslur nefnda:

- Mótanefnd: vísað til skýrslu.
- Barna og unglínganefnd: vísað til skýrslu.
- Vallarnefnd: vísað til skýrslu.
- Skýrsla starfsmanna: vísað til skýrslu.
- Eldri kylfínganefnd: vísað til skýrslu.
- Kvennanefnd: vísað til skýrslu.
- Aganefnd: vísað til skýrslu.
- Forgjafarnefnd: vísað til skýrslu.
- Afreksnefnd: vísað var til skýrslu.
- Félaganefnd: vísað til skýrslu.

8. Umræður um skýrslur nefnda. Allar skýrslur nefnda voru samþykktar samhljóða og nefndum þakkað fyrir vel unnin störf.

9. Kosning tveggja meðstjórnenda og var kjörnefnd skipuð þeim Bjarka Má Magnússyni, Bárð Guðmundarsyni og Helenu Guðmundsdóttur. Í framboði voru Ástfríður M Sigurðardóttir, Kristinn Sölvi Sigurgeirsson og Magnús J Magnússon og kynntu þau framboð sitt. Kosningu hlutu Ástfríður og Magnús.

10. Kosning stjórnar:

Formaður:	Páll Sveinsson	til 2ja ára
Varaformaður:	Bjarki Már Magnússon	til 2ja ára
Gjaldkeri:	Helena Guðmundsdóttir	til 2ja ára
Ritari:	Hreinn Þorkelsson	
Meðstjórnandi:	Arnór Ingi Gíslason	
Meðstjórnandi:	Ástfríður M Sigurðardóttir	til 2ja ára
Meðstjórnandi:	Magnús J Magnússon	til 2ja ára

11. Kosningar nefnda:

- Mótanefnd:  
Arnór Ingi Gíslason, formaður  
Heiðrún Anna Hlynsdóttir  
Kristinn Sölvi Sigurgeirsson  
Þorkell Ingi Sigurðsson  
Sigurður Júlíusson  
Gylfi Dagur Leifsson  
Guðmundur Fannar Vigfússon
- Barna & unglínga- nefnd:  
Valgerður Rún Heiðarsdóttir, formaður  
Ólafur Unnarsson  
Gunnhildur Katrín Hjaltadóttir  
Hanna Rut Samúelsdóttir
- Forgjafarnefnd:  
Ágúst Magnússon, formaður  
Hlynur Geir Hjartarson
- Aganefnd:

Jón Gíslason, formaður  
Bárður Guðmundarson  
Sigurður Grétarsson

- Vallarnefnd:  
Halldór Ágústsson Morthens, formaður  
Svanur Geir Bjarnason  
Bárður Guðmundarson  
Bjarki Þór Guðmundsson
- Eldri kylfinganefnd:  
Magnús J Magnússon, formaður  
Auður Róseyjardóttir  
Ásta Jósefsdóttir  
Bárður Guðmundarson  
Jóhanna Þorsteinsdóttir  
Samúel Smári Hreggviðsson  
Páll Böðvar Valgeirsson
- Félaganefnd:  
Leifur Viðarsson, formaður  
Björn Daði Björnsson  
Einar Matthías Kristjánsson
- Afreksnefnd:  
Gylfi Birgir Sigurjónsson, formaður  
Ástmundur Sigmarsson  
Arndís Mogensen  
Heiðrún Anna Hlynsdóttir  
Árni Evert Leósson
- Kvennanefnd:  
Ragnheiður Ingibjörg Jónsdóttir, formaður  
Elísabet Hólm Júlíusdóttir  
Kristjana Hrund Bárðardóttir  
Elsa Backman  
Eyrún Magnúsdóttir

## 12. Lagabreytingar:

Breytingar á lögum félagsis lagðar fram. Í grein 1.3 er orðalag bætt. Í grein 3.6 er bætt við að félagsgjöld verði tekin fyrir á aðalfundi. Í grein 4.1 er breyting til að einfalda kosningu fyrir framboð í stjórn þar sem einstaklingur býður sig fram sem meðstjórnanda og svo á fyrsta fundi stjórnar er verkum skipt á meðstjórnendur sem eru sex. Formaður skal kosinn sérstaklega til tveggja ára í senn. Og svo að lokum er bráðabirgðaákvæði sem tryggir að þrír meðstjórnendur séu kosnir hvert ár svo þeir séu ekki fimm sem hverfi mögulega & reynslan fari úr stjórn. Einn meðstjórnandi verður því kosinn til eins árs á aðalfundi 2023. Breytingar voru samþykktar samhljóða.

13. Félagsgjöld lögð fram. Engin breyting hafði orðið á gjöldum frá því árið 2019. Örlítil hækkun gjalda á milli ára í öllum liðum nema hjá börnum og unglíngum 18 ára og yngri sem stendur í stað. Hjóna- og fjölskyldugjald dettur út. Áfram veittur 5% afsláttur ef greitt er fyrir 15.janúar 2022. Aðalfundur samþykkti félagsgjöld.

14. Fjárhagsáætlun ársins 2022.

Hlynur Geir Hjartarson skýrði áætlunina.

- Rekstrartekjur eru áætlaðar kr.94.400.000,-
- Rekstrargjöld eru áætluð kr. 73.855.000,-
- Hagnaður af frádregnum fjármagnsliðum er áætlaður 9.045.000,-

Að lokinni umræðu var tillagan samþykkt samhljóða.

15. Önnur mál:

Viðurkenningar voru veittar af Páli Sveinssyni formanni.

- Háttvísibikarinn hlýtur Ástfríður M Sigurðardóttir.
- Efnilegasti unglíngurinn var kosinn Jóhann Már Guðjónsson.
- Golfkarl ársins er Aron Emil Gunnarsson.
- Golfkona ársins er Heiðrún Anna Hlynsdóttir.

Formaður færði Halldóri Morthens blómvönd og þakkaði gott starf fyrir stjórn klúbbsins en hann gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

Svanur Geir Bjarnason umdæmisstjóri Vegagerðarinnar á Suðurlandi kynnti brúarframkvæmdir.

Framkvæmdastjóri, Hlynur Geir, kynnti stöðu vallarframkvæmda og uppbyggingaráætlun GOS. Þrjár nýjar brautir og æfingavæði verður tekið í notkun vorið 2022. Þremur brautum hefur nú verið lokað, sem áður voru brautir 1-3. Stefnan er að árið 2025 verði 18 holu völlur opnaður og allt verði orðið klárt þegar fyrsti bíll keyrir yfir nýju brúna. Hlynur kynnti hönnun nýs 14 bása æfingaskýlis sem stefnt er á að reisa vorið 2022. Skýlið hannaði Ólafur Rúnar og gaf hann alla sína vinnu. Einnig gáfu Leif Örn Leifsson og Eva Birgisdóttir hjá Larsen og ráðgjöf sína vinnu. Þakkaði framkvæmdastjóri þeim kærlega fyrir þeirra framlag til klúbbsins.

Magnús J Magnússon nýr stjórnarmaður bað um orðið og þakkaði fyrir góða kosningu. Talaði hann um GSÍ þing sem hann ásamt Páli formanni, Hlyn Geir framkvæmdastjóri og Bjarki Már sóttu í nóvember sl. Á þinginu minntust menn oft á gott starf og flotta uppbyggingu hjá GOS í ræðum sínum og var okkur mikið hrósað. Þetta er mikil viðurkenning og megum við vera stolt af okkar starfi.

Fundarstjóri þakkaði framkvæmdastjóra fyrir vel unnin störf og hlaut Hlynur lófaklapp frá fundargestum. Stjórn og nefndum þakkaði hann fyrir vel unnin störf sem og öllum félagsmönnum Golfklúbbs Selfoss.

Fundi var slitið kl 21:45. 29 manns mættir.